



## Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 6. febrúar 2012, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður Herdís Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

**1. 1101027 – Framkvæmd við Vestfjarðarveg 60, milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði.**

Ósk um framkvæmdaleyfi, erindi frá Vegagerðinni dagsett 10. janúar 2012.

*Afgreiðslu málsins frestað þar sem afgreiðsla Skipulagsstofnunar á deiliskipulagi liggur ekki fyrir.*

**2. 1202008– Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir.**

Erindi ásamt skýrslu frá Siglingastofnun dagsett 9. janúar 2012.

*Erindið lagt fram, nefndin leggur til við sveitarstjórn að könnuð verði þörf á sjóvörnum í sveitarfélaginu.*

**3. 1202009 – Bláfáninn**

Erindi frá verkefnisstjóra Bláfánans, Landvernd frá 19. janúar 2012.

*Nefndin leggur það til að ekki verði farið í verkefnið að sinni.*

**4. 1005020 – Viðhald Hellisbrautar 72 (Hólakaup).**

Erindi frá Hólakaupum dagsett 2. febrúar 2012.

*Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að brýnasta viðhaldi verði sinnt.*

**5. 1202011 – Frágangur á Hólatröð 3**

Erindi frá leigendum fasteignarinnar dagsett 1. febrúar 2012.

*Nefndin fellst á að sum atriði þurfi að laga en ekki önnur. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samræmi við ákvörðun fundarins.*

### Mál til kynningar:

**6. 1202010 – Skýrsla um neysluveitur 2012 – Reykólahöfn**

Skýrsla gerð af Frumherja 31. janúar 2012.

*Skýrsla lögð fram.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11:50**
